

42. fundur.

Fimmtudaginn 18. október 1979 var haldinn fundur í Skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurnesja og hófst hann í skrifstofu skólameistara kl. 21.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Ómar Bjarnþórsson, Bergmann Þorleifsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Sturlaugur Ólafsson og skólameistari Jón Böðvarsson.

Þetta gerðist:

1. Uppsögn skrifstofustjóra og tilhögun skrifstofuhalds.
Skrifstofustjóri Einar Þórðarson hefur sagt upp störfum frá 1. nóvember n.k.
Skólanefnd er sammála um að auglýsa starfið.
Formanni skólanefndar og skólameistara falið að semja auglýsingu í samráði við menntamálaráðuneytið. Einnig samþykkir skólanefnd að hækka laun Vigdísar Gunnarsdóttur til samræmis við sambærileg störf í grunnskólum Keflavíkur.
2. Formaður las bréf dags. 11. september 1979 frá formanni S.S.S. Haraldi Gíslasyni, út af athugasemd Ingvars Jóhannssonar og Hreins Ásgrímssonar við 39. fundargerð F.S.
3. Bóka og tækjakaup.
Skólameistari lagði fram skrá um bækur sem hann taldi nauðsyn á að skólinn eignaðist. Var skólanefnd samþykk því að kaupa bækur samkvæmt skránni. Einnig lá frammi skrá um tæki, sem nauðsynleg eru talin fyrir verklega kennsluþætti í skólanum. Samþykkir skólanefnd að leggja til við sveitarfélögin að þau leggi fram 40% á móti framlagi ríkisins sem eru áætlaðar í fjárlögum 65.000.000.- með verðbótum. Mundi þessi fé verða varið til eðlis- og efnafræðistofu og tækjakaupa til þess að fullnægja brýnni og lögboðinni kennsluskyldu.
4. Fjármál - Áætlun varðandi kostnað á árinu 1980. Fyrir lá áætlun ráðuneyta upp á kr. 35.850.000.- í rekstur. Taldi nefndin nauðsynlegt að fá hækkun á þessum lið um kr. 5.000.000.-
5. Öldungadeildin.
Skólameistari skýrði frá að óvissa ríkti um rekstur öldunga- deildar við skólann eftir áramót þar sem frumvarp til laga um framhaldsskóla er ekki enn afgreitt. Samþykkti nefndin að taka málið fyrir á desemberfundi þar sem málið gæti legið skýrara fyrir þá.

6. Námsflokkar.

Formaður Námsflokka Keflavíkur hefur komið að máli við formann skólanefndar og óskað eftir að F.S. tæki að sér rekstur námsflokka þar sem meira en 50% nemenda er úr nágrannasveitarfélögunum. Samþykkt var að athuga hvort ekki væri unnt að nýta Öldungadeildina til þessa hlutverks og athuga kostnaðarhlið málsins að öðru leyti.

7. Heilsugæslubraut.

Skólameistari skýrði frá vandræðum við kennslu á heilsugæslubraut þar sem hjúkrunarfræðingar hindri kennslu í sérgreinum á brautinni. Skólanefnd samþykkti að skólameistari og form. skólanefndar skrifi menntamálaráðuneytinu bréf þar sem þess er krafist að kennsla verði gerð framkvæmanleg í þessum greinum í skólanum.

8. Tilkynningar.

Skólameistari skýrði frá að ráðuneytið hefði sett Ingólf Halldórsson sem aðstoðarskólameistara í fimm ár frá 1. ágúst 1979.

Skólameistari skýrði frá því að ráðuneytið hefði samþykkt áætlaða kennsluskipan á haustönn 1979 en lagt áherslu á að kennslumagn á vorönn 1980 verði innan viðmiðunarmarka og var skólanefnd sammála ráðuneytinu í þessu máli.

9. Önnur mál.

a) Formaður skólanefndar las bréf dags. 2. 10. 1979 frá Axel Nikolaisyni þar sem hann gerir athugasemd við bókun í fundargerð nr. 39, varðandi launakröfur fyrir eftirlitsstörf við nýbyggingu skólans sumarið 1978. Axel gerir kröfu um að fá eftirstöðvar af framlögðum reikningi greiddar.

Skólanefnd hafnar breytingu á nefndri fundargerð en samþykkir að greiða Axel umrædda upphæð.

b) Endurnýjaður hefur verið aksturssamningur við Steindór Sigurðsson og lá samningurinn fyrir.

c) Rætt var um skólaprófseinkunnir úr 9. bekk grunnskóla og taldi skólanefndin þörf á að koma á umræðufundi um þau mál með skólastjórum grunnskólanna í Keflavík, Njarðvík og Grindavík.

d) Skólanefndin taldi æskilegt að fjölbrautaskólar skiptist á fundargerðum skólanefnda fjölbrautaskólanna.